

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

06 315

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstjóðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

kt. 670814-0330

Suðurgötu 1, 550 Sauðárkrókur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin hefur það hlutverk að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi, stemma stigum við afbrotum og vinna að uppljóstrun brota, greiða götu borgarinnar og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 402,0 milljónir og afkoma kr. 4,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -7,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 59,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra í samræmi við lög um opinber fjármál.

Undirritaður tók við sem forstöðumaður á árinu 2021. Forveri minn hafði ekki lokið undirritun ársreikninga fyrir starfslok og kemur það því í minn hlut sem viðtakandi forstöðumaður að undirrita ársreikning fyrir árið 2020 og er undirritun á þeim forsendum.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Birgir Jónasson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	390.000.000	385.400.000
Seld þjónusta	3	1.699.365	3.591.715
Framlög og ýmsar tekjur	4	1.449.493	2.685.763
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	8.850.559	4.094.225
Tekjur samtals		401.999.417	395.771.703
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	292.574.683	291.500.743
Annar rekstrarkostnaður	6	95.798.720	104.111.251
Afskriftir	7	8.850.559	4.094.225
Gjöld samtals		397.223.962	399.706.219
Afkoma fyrir fjármagnsliði		4.775.455	(3.934.516)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	8	(66.459)	(49.644)
		(66.459)	(49.644)
Afkoma ársins		4.708.996	(3.984.160)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	9	139.859	212.817
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		43.900.798	26.595.733
Farartæki og vélar		11.784.272	41.249
Aðrar eignir		2.888.986	1.685.719
		<u>58.574.056</u>	<u>28.322.701</u>
Fastafjármunir samtals		<u>58.713.915</u>	<u>28.535.518</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		85.073	185.073
Tengdir aðilar	11	0	14.662.404
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		31.473	308.290
Handbært fé		267.351	1.637.179
		<u>383.897</u>	<u>16.792.946</u>
Veltufjármunir samtals		<u>383.897</u>	<u>16.792.946</u>
Eignir samtals		<u>59.097.812</u>	<u>45.328.464</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	12	(7.923.826)	(12.632.822)
Eigið fé samtals		<u>(7.923.826)</u>	<u>(12.632.822)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	2.716.039	2.033.120
Viðskiptaskuldir		6.875.161	9.430.395
Ýmsar skammtímaskuldir	13	26.821.007	31.478.136
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	30.609.431	15.019.635
		<u>67.021.638</u>	<u>57.961.286</u>
Skuldir samtals		<u>67.021.638</u>	<u>57.961.286</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>59.097.812</u>	<u>45.328.464</u>
Aðrar upplýsingar			
	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		4.708.996	(3.984.160)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	8.850.559	4.094.225
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(8.850.559)	(4.094.225)
		<u>4.708.996</u>	<u>(3.984.160)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		376.817	(302.173)
Tengdir aðilar		756.722	0
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(7.212.363)	5.796.688
		<u>(6.078.824)</u>	<u>5.494.515</u>
		<u>(1.369.828)</u>	<u>1.510.355</u>
		<u>(1.369.828)</u>	<u>1.510.355</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(218.896)
Söluverð óefnislegra eigna			0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(24.588.601)	(7.456.920)
		<u>(24.588.601)</u>	<u>(7.675.816)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Yfirfærsla á eignum			0
Tengdir aðilar		14.588.601	5.375.816
Fjárfestingarframlag		10.000.000	2.300.000
		<u>24.588.601</u>	<u>7.675.816</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(1.369.828)	603.214
		<u>1.637.179</u>	<u>1.033.965</u>
		<u>267.351</u>	<u>1.637.179</u>
		<u>267.351</u>	<u>1.637.179</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	Óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	390.000.000	385.400.000
Tekjufærsla fjárveitinga	390.000.000	385.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	8.850.559	4.094.225
	398.850.559	389.494.225

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	374.800.000	0	0	374.800.000
Fjárukalög	200.000	0	0	200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	15.000.000	0	0	15.000.000
Fjárveiting til tekna	390.000.000	0	0	390.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(385.291.004)	0	0	(385.291.004)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	4.708.996	0	0	4.708.996

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	1.699.365	3.591.715
	1.699.365	3.591.715

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	645.608	0
Ýmsar tekjur	803.885	2.685.763
	1.449.493	2.685.763

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	238.927.279	230.676.507
Orlof, breyting	(2.887.881)	3.688.373
Launatengd gjöld	54.442.149	52.780.752
Starfsmannakostnaður	2.093.136	4.355.111
	292.574.683	291.500.743
Meðalfjöldi stöðugilda	24,61	24,61

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.068.404	964.006
Byggingarvörur, almennar	159.851	56.246
Byggingarvörur, aðrar	5.934	156.830
Tæki og búnaður til innréttinga	21.046	0
Ýmis tæki og áhöld	2.799.926	1.808.985
Varahlutir og viðhaldsvörur	856.058	1.335.955
Orkugjafar	6.322.851	4.673.957
Matvæli	3.508.639	3.370.269
Almennar rekstrarvörur	4.800.171	7.652.973
Vörukaup, almenn	19.542.880	20.019.221
Rannsóknarstofuefni	222.460	21.360
Ýmsar sérgreindar vörur	145.380	241.911
Vörukaup, sérgreind	367.840	263.271
Fundir, námskeið, risna	137.884	246.471
Ferðir, uppihald	4.111.881	6.243.124
Akstur	12.586.090	10.663.871
Sérfræðiþjónusta	6.810.632	6.358.174
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	97.964	96.446
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	475.626	296.493
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.076.883	4.454.254
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	29.296.960	28.358.833
Samningsbundin kaup og leiga	119.531	0
Afnotagjöld	2.152.757	2.600.435
Leigugjöld	15.882.154	41.994.168
Notkun véla og flutningatækja	329.121	157.305
Verkkaup	17.375.403	4.717.614
Kostnaðarhlutdeild	10.240.574	5.739.762
Tryggingar, lögboðnar	140.049	4.895
Opinber gjöld	202.051	82.173
Tilfærslur	149.400	173.574
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	46.591.040	55.469.926
Annar rekstrarkostnaður samtals	95.798.720	104.111.251
	2020	2019
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	5.976.628	4.081.306
Farartæki og vélar	2.731.572	3.134
Aðrar eignir	3.706	3.706
Sölutap og úreltar eignir	65.695	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	72.958	6.079
	8.850.559	4.094.225
8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	66.459	49.644
	66.459	49.644

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
9 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	139.859	212.817
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok:		Hugbúnaður
Viðbót á árinu		0
		<u>218.896</u>
Niðurfærsla ársins		72.958
		<u>79.037</u>
Staða 31.12.		<u>139.859</u>

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	43.900.798	26.595.733
Farartæki og vélar	11.784.272	41.249
Aðrar eignir	2.888.986	1.685.719
	<u>58.574.056</u>	<u>28.322.701</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.	38.050.354	46.995	1.693.748	39.791.097
Flutt af 06-303	0	21.816.984	0	21.816.984
Viðbætur á árinu	23.347.388	34.240	1.206.973	24.588.601
Selt/niðurfært á árinu	(129.312)	0	0	(129.312)
	<u>61.268.430</u>	<u>21.898.219</u>	<u>2.900.721</u>	<u>86.067.370</u>
Afskriftir 1.1.	11.454.621	5.746	8.029	11.468.396
Flutt af 06-303	0	7.376.629	0	7.376.629
Selt/niðurfært á árinu	(129.312)	0	0	(129.312)
Afskrift ársins	6.042.323	2.731.572	3.706	8.777.601
	<u>17.367.632</u>	<u>10.113.947</u>	<u>11.735</u>	<u>27.493.314</u>
Staða 31.12.	<u>43.900.798</u>	<u>11.784.272</u>	<u>2.888.986</u>	<u>58.574.056</u>

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
11 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	14.556.404
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	106.000
	<u>0</u>	<u>14.662.404</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.984.116	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	731.923	2.033.120
	<u>2.716.039</u>	<u>2.033.120</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(12.632.822)	(8.648.662)
Afkoma ársins	4.708.996	(3.984.160)
Jöfnuður 31.12.	<u>(7.923.826)</u>	<u>(12.632.822)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	26.736.607	29.624.488
Ógreidd laun	0	1.615.861
Önnur ógreidd gjöld	84.400	237.787
	<u>26.821.007</u>	<u>31.478.136</u>

Skýringar

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	58.713.915	28.535.518
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ..	(28.104.484)	(13.515.883)
	<u>30.609.431</u>	<u>15.019.635</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.	28.535.518	(13.515.883)	15.019.635
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	10.000.000	10.000.000
Yfirfærsla á eignum	14.440.355	0	14.440.355
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	24.588.601	(24.588.601)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(8.850.559)	0	(8.850.559)
	<u>58.713.915</u>	<u>(28.104.484)</u>	<u>30.609.431</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 3,9 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga við Fasteignir ríkisins vegna Suðurgötu 1, Höfðabraut og Hnjúkabyggðar 33. Árlega greiðslur vegna húsaleiga eru um 16 milljónir á ári.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.